

Ligretto – Regluvísir–


Markmiðið með spilinu er að losa sig við öll spilín úr Ligretto **bunkanum** á undan andstæðingunum, með því að vera fljótari að spila út samlitum spilum í rétttri talnaröð (frá 1 upp í 10) í stafla á mitt borðið. Þetta er gert á eftirfarandi máta (sjá nánar í spilaleiðbeiningum)

- 1) **Undirbúningur:** Stokkaðu Ligretto stokkinn þinn (40 spil, öll með sama merki). Leggðu spilín út á eftirfarandi hátt:

Ligretto bunki: Spilaðu út 10 spilum á grúfu í bunka fyrir framan þig og snúðu síðan bunkanum við þannig að tölurnar snúa upp og efsta talan sést.

Röð: Leggðu út 3 spil til hægri við Ligretto bunkann með tölurnar upp. Ef það eru tveir að spila eru 5 spil lögð út. Ef þrír eru að spila er spilað með 4 spilum.

Stokkur: Haltu á afganginum af spilunum sem stökk í hendinni þannig að merkið snúi upp. Í leiknum skaltu nota eina hendi til að halda stokkinum en hina til að spila út spilunum.



- 2) **Að byrja umferð:** Kallaðu „Ligretto!“ til að byrja umferðina. Ef þú ert með töluna 1 skaltu leggja hana á mitt borðið (og býrð þar með til stafla, sjá lið 5).
- 3) **Stokkur:** Þú getur spilað út spilum úr Ligretto bunkanum, röðinni eða stokkinum. Ef þú hefur ekki spil sem þú getur notað í bunkanum eða röðinni skaltu kíkja í stokkinn. Þá snýrðu 3 spilum í senn við þar til löglegt spil kemur upp (sjá lið 4). Ef þú ert búinn að fletta í gegnum allan stokkinn þá snýrðu honum við og byrjar aftur að gefa af toppinum.
- 4) **Löglegt spil:** Hægt er að leggja spil í stafla ef það er spil með næstu tölu í röðinni og er af sama lit og spilín í þeim stafla. Til dæmis fer rauður 3 ofan á rauðan 4 o.s.frv.
- 5) **Staflar:** Allir leikmenn spila samtímis og keppast við að raða spilum í staflana á miðju borðinu. Þegar talan 10 er komin efst á stafla lokast hann. Þegar staflar eru komnir á mitt borðið mega ALLIR leikmenn spila út öllum löglegum spilum á hvaða stafla sem er (óháð því hver byrjaði staflann).
- 6) **Röð:** Þegar þú spilar spili úr röðinni skaltu fylla strax í eyðuna með efsta spilinu úr Ligretto bunkanum (samtímis getur þú flett spilum úr stokkinum þar til löglegt spil kemur upp).

- 7) **Að ljúka umferð:** Þegar þú ert ekki með nein spil eftir í Ligretto buncanum þínum kallarðu: „Ligretto stopp!“. Þá má enginn setja fleiri spil í stafla og umferðin endar.
- 8) **Telja stigin:** Raðir og stokkar eru lagðir til hliðar en spilin í stöflunum eru flokkuð eftir merkjunum og stigin talin:
- 1 stig fæst fyrir hvert spil sem þú settir í stafla
 - 2 stig dragast frá fyrir hvert spil sem eftir var í Ligretto buncanum.
 - Spilin í röðinni og stokkinum eru ekki talin með.
- Stigin eru skráð niður. Spilin eru síðan flokkuð aftur í stokkana (eftir merkjunum) og ný umferð hefst.
- 9) **Leikslök:** Sá sem er fyrstur til að ná 99 stigum vinnur spilið.
- 10) **Sérstök tilvik:**
- Ef enginn getur spilað út neinu spili úr stokk, röð eða Ligretto bunka er leikur stöðvaður. Allir stokka stokkinn sinn í flýti, kalla: „Ligretto!“ og halda áfram með umferðina
 - Ef öll lögleg spil eru falin í Ligretto buncanum hjá ÖLLUM leikmönnum þá er leikurinn stöðvaður og umferð líkur. Teljið stigin og sá leikmaður sem er með flest stig vinnur umferðina.
- 11) **Regla fyrir lengra komna:**
 Leggja má spil í **röðina** úr Ligretto **buncanum** eða **stokkinum**, en þá einungis í öfugri röð. Til dæmis má setja 8 á 9 eða 4 á 5. Öfugt við spilin í miðjunni verða auka spil í röð að vera í öðrum lit. Til dæmis má græn 9 fara á gula 10, en bláa 5 má ekki setja á bláa 6.

Athugið að nánari reglur er að finna í spilaleiðbeiningunum sem fylgja með kassanum eða á www.nordicgames.is.

Góða skemmtun!

Nordic Games, www.nordicgames.is

Desember 2010